

1603044



Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1
850 HELLU

Selfoss, 28. júní 2016
Tilvísun: 2016010005
SGB/

Efni: Svar úthlutun úr styrkvegaskjóði

Beiðni yðar, dags. þann 11. apríl sl, um fjárveitingu árið 2016 hefur verið tekið til umfjöllunar.

Ákveðið hefur verið að úthluta kr. 2.200.000,- til styrkvega í Rangárþingi ytra.

Að loknum framkvæmdum, sendi styrkþegi Vegagerðinni upplýsingar (skriflega) um hvað hafi verið framkvæmt og framvísi afritum af reikningum, ásamt upplýsingum um banka, reikningsnúmer og kennitölu.

Styrkurinn verður greiddur eftir að fulltrúar styrkþega og Vegagerðarinnar hafa tekið út framkvæmdir og undirritað meðfylgjandi þar til gert eyðublað. Vakin er athygli á ákvæðum eyðublaðsins svo og úrdrætti úr vegalögum sem þar er einnig að finna.


Einnig skal styrkþegi hafa samband við fulltrúa Vegagerðarinnar, Pál Halldórsson vegna úttektar að framkvæmdum loknum.

Styrkurinn verður afgreiddur á svæðisskrifstofunni Selfossi.

Vakin er athygli á að ráðstöfun styrks þarf að fara fram á því ári sem hann er veittur.

Virðingarfyllst,

Svanur Bjarnason
Svanur G Bjarnason
Svæðisstjóri Suðursvæðis



Styrkur til samgönguleiða samkvæmt 25. gr. vegalaga nr. 80/2007

Vegagerðin hefur samþykkt að veita styrk til vegagerðar af liðnum Styrkvegir í vegáætlun
2016 til verkefnisins Styrkvegir í Rangárþingi ytra

..... að upphæð kr. 2.200.000.-
Styrkþegi er Rangárþing ytra 520602-3050
nafn kennitala

Styrkurinn er veittur samkvæmt heimild í 25 gr. vegalaga nr. 80/2007 og telst styrkþegi því
veghaldari vegarins samkvæmt IV. kafla laganna og hvíla á honum skyldur í samræmi við það.
Styrkþega er skylt að heimila öðrum hagsmunaaðilum umferð um veginn.

Athygli styrkþega er vakin á því að um nýja vegi og breytingar á eldri vegum gilda skipulagslög
og lög um mat á umhverfisáhrifum. Afla þarf framkvæmdaleyfis viðkomandi sveitarstjórna(r)
og verður það að liggja fyrir áður en styrkur er greiddur.

Styrkur fellur niður sé hann ekki greiddur á því ári sem hann er veittur.

Staður og dagsetning _____

nafn: _____

f.h. styrkþega

kennitala: _____

nafn: Svanur Bjarnússon

kennitala: 0410365-5679



Úrdráttur úr vegalögum nr. 80/2007

3. gr.

Orðskýringar

5. *Veghald*: Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vegna.
6. *Veghaldari*: Sá aðili sem hefur veghald vegar.

12. gr.

Almennt

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða
leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi
lögum á hverjum tíma.

25. gr.

Styrkir til samgönguleiða

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir
skilgreiningar vega samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að binda styrkveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.

Umsókn um styrk skal beint til Vegagerðarinnar sem gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingu til umsækjanda.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein.

Ráðherra setur nánari reglur um hvaða samgönguleiðir skulu styrktar samkvæmt ákvæði þessu og um framkvæmd
styrkveitinga.

